

Fundargerð skólaráðs Stekkjaskóla

7. fundur skólaráðs Stekkjaskóla, fimmtudaginn 14. mars 2024 kl. 14:00. Haldinn í fundarherbergi 1.

Mætt: Hilmar Björgvinsson skólastjóri, Kristín Bergmann og María Ósk Ólafsdóttir fulltrúar kennara, Sunneva Lind Ármannsdóttir varafulltrúi annarra starfsmanna, Arnar Páll Gíslason og Smári Hallgrímsson fulltrúar foreldra, Ragna Fanney Róbertsdóttir og Stefán Darri Jóhannsson fulltrúar nemenda. Laufey Ósk Magnúsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins boðaði forföll og sömuleiðis hennar varamaður.

Fundargerð: María Ósk Ólafsdóttir

1. Skóladagatal Stekkjaskóla 2024-2025

Skóladagatal skólans var tekið fyrir á kennarafundi 7. febrúar og samþykkt. Hilmar sendi dagatalið á skólaráð til samþykktar og allir skólaráðsfulltrúar sem tjáðu sig samþykktu það. Skóladagatalið var tekið fyrir í skóla- og frístundanevnd í gær og var það samþykkt.

Skóladagatalið kynnt formlega fyrir skólaráði og samþykkt.

Trúnaðarmaður kennara afhenti skólastjóra áskorun í gær þar sem 22 kennarar skólans skoruðu á stjórnendur grunnskólanna í Árborg að vera með tvöfalda skóladaga á skóladagatali næsta skólaárs. Skólastjóri tjáði trúnaðarmanni að hann færi áfram með þessa hugmynd til umræðu hjá skólastjórum sem funda hálfsmánaðarlega.

Umræður sköpuðust um svona tvöfalda daga, útfærslur ræddar frá öðrum skólum, einnig var rætt hvaða útfærslur henta best fyrir nemendur sem og foreldra. En mikilvægt er ef þetta verður gert í framtíðinni að ræða þetta vel og fara rétta leið. Vangavelta um hvort svona tvöfaldir dagar henti best þegar það er skólasetning og skólaslit og hafa þessa viðburði seinni partinn. Hilmar fór lauslega yfir skóladagatalið.

2. Skólapúlsinn - Niðurstöður úr foreldrakönnun

Farið yfir helstu niðurstöður úr foreldrakönnun sem var lögð fyrir í febrúar 2024. Heilt yfir kemur könnunin vel, margt jákvætt og nokkrir hlutir sem þarf að bæta. Gaman að sjá hvað við erum oft yfir landsmeðaltali, það verður síðan spennandi að sjá niðurstöðurnar þegar könnunin verður lögð fyrir í þriðja sinn. Núna á vordögum verður könnun fyrir 6. bekk í framhaldinu á henni verður kaffihúsafundur til að ræða niðurstöðurnar úr könnunum vetrarins.

3. Afgreiðsla bæjarráðs um áskorun skólaráðs um hreystivöll

Á fundi bæjarráðs Árborgar 29. febrúar var tekið fyrir erindi frá skólaráði Stekkjaskóla þar sem skorað var á bæjarráð að kom upp skólahreystivelli á skólalóðinni.

Eftirfarandi var bókað:

Bæjarráð fagnar því að nemendur láti sig varða um hönnun skólalóðarinnar og komi með tillögur um hvað eigi að leggja áherslu á við uppbyggingu hennar. Bæjarráð vísar málinu til skoðunar hjá mannvirkja- og umhverfissviði.

[Hér](#) má sjá áskorun skólaráðs Stekkjaskóla.

4. Önnur mál

Rætt um nýja hlutann á Stekkjaskóla, einnig var rætt um nýjar skólabyggingar í framtíðinni.

Næsti fundur þriðjudaginn 7. maí kl.14:00

Fundi slitið kl. 15:25

MÓÓ/HB